



Fréttabréf Skeiða- og Gnúpverjahrepps

8. árgangur 4. töl.

Apríl 2011

Gleðilegt sumar!

Árshátíð Þjórsárskóla



Árshátíð Þjórsársskóla tókst frábærlega. Allir leikarar stóðu sig mjög vel, hvort sem það voru margar eða fáar innkomur í leikritinu.

Söngurinn þeirra var einnig til fyrirmyndar og ótrúlegt að í skólanum er um fjórðungur nemenda sem syngja einsöng á árshátíð skólans! Það er frábært. Krakkarnir voru með tvær sýningar á föstudaginn.



Það var sýning fyrir rúmlega 100 nemendum Flúðaskóla fyrir hádegi og svo selt inn á sýningu um kvöldið. Báðar sýningar gengu mjög vel. Búningar voru líflegir og skemmtilegir og saumaðir af nemendum sjálfum. Í heildina var þetta yndislegt kvöld sem sýndi glögglega góðan afrakstur af vinnu nemenda í heila viku.

Takk fyrir það allir nemendur og starfsmenn.

Fyrsta mánudag í apríl var skógarkennsla hjá öllum nemendum fyrir hádegi. Kennslu var skipt í yngri og eldri hóp og svo aftur í minni hópa innan hvors hóps. Verkefni sem unnin voru tóku mið af markmiðum og kennsluefni í íslensku, samfélags/ náttúrufræði og stærðfræði.



Gott er að fá sér smá hressingu.



Skipulag var í höndum Stefaníu Eyþórsdóttur kennaranema sem jafnframt stýrði kennslunni og starfi eldri nemenda ásamt kennurum skólans. Yngri hópurinn var í samþætilegum verkefnum sem voru útfærð af kennurum skólans sem jafnframt sinntu kennslu.

Veður var gott og nemendum vannst vel.

Nemendur í 5.-7. bekk fóru í safnaferð til Reykjavíkur þann 6. apríl. Byrjað var í Hafnarhúsinu þar sem þeim var sýnt húsið og endað á að skoða sýningu af verkum Erró. Mikið af verkefnunum voru klippimyndir hans sem er forvinna fyrir málverk. Þrívíddarverk unnin úr ýmis konar rusli voru skoðuð líka. Eftir það var farið í Árbæjarsafnið. Þar voru skoðaðir brunabílar, dælur og eimreið.



Sérstök fræðsla var um brunann í Reykjavík 1915.

Einnig var skoðuð vatnsdæla og fræðst um vatnsbera. Að lokum var farið í leikfangasafnið í gömlu Landakotskirkjunni. Ferðin endaði í hádegismat á American style áður en ekið var heim. Nemendur stóðu sig vel nú sem endranær. Nú er skólinn helgaður páska.

Nemendur í öllum hópum eru að búa til páskaskraut og skreyta

stofuna sína. Rætt er um páskahátíðina, fornar venjur, tilurð páskaeggja og margt fleira skemmtilegt. Um miðja viku fer allur skólinn að horfa á lokaæfingu árshátíðarinnar í Flúðaskóla. Það er skemmtilegt samstarf sem hefur orðið til að nemendur fá að koma á árshátíð hjá hvorum öðrum.

Á fimmtudag verður farið í leik og leitað að páskaeggjum í kringum skólann. Það er siður sem hefur iðulega verið viðhafður í skógarferð fyrir páska en nú var ákveðið að hafa leikinn í kringum skólann.

Páskafrí hefst föstudaginn 15. apríl og kennsla hefst aftur þriðjudaginn 26. apríl.

Gleðilega páska!

Ingibjörg María Guðmundsdóttir,
skólastjóri.

Á árshátíð: Stefanía og Dýrfinna.





Góðan daginn ágætu sveitungar.

Í leikskólanum er ávallt nóg fyrir stafni og stanslaust verið að brasa eitthvað skemmtilegt. Starfsmannastefna leikskólans er byggð þannig að reynt sé að nýta mannaúðinn eins og kostur er. Þannig nýtum við áhugamál starfsfólks og sterkar hliðar.

Núna er hjá okkur starfsmaður sem hefur mikinn áhuga á leiklist og að sjálfsögðu er henni þrælað í ýmiskonar þannig verkefni. Hún fer með börnin í margs konar leiklistarstarf og við sjáum það að börnin taka þátt af heilum hug og blómstra í þessum stundum. Eitt af því sem leikskólinn gerir einnig er að



starfa samkvæmt áhugasviði barnanna. Börnin völdu núna eftir áramót að hafa tröll og þess háttar fyrirbæri sem þemaverkefni og hefur heilmikil vinna og umræður orðið um þau. Eðlilegt er að viðfangsefni þema- starfs taki ákveðnum breytingum og hafa núna drekar og prinsessur bæst í hóp trölla og er stundum mjög mikið um að vera. Lítið dæmi um samþættingu í leikskólastarfi er að þetta nýtist einnig fyrir þau börn sem



þurfa að æfa sig í að ná tökum á ýmsum framburðarþáttum eins og „tr“ í tröll og „dr“ í dreka.

Á árshátíðinni okkar, sem verður síðasta vetrardag, 20. apríl sýna börnin síðan afraksturinn og leika af sinni einlægu snilld leikrit. Það er nú þegar mikil tilhlökkun í börnunum og þau spyrja reglulega hvað sé langt þangað til.

Í byrjun febrúar bauð foreldrafélag leikskólans uppá leiksýninguna Gilitrutt. Um var að ræða brúðuleikhús sem stjórnað var af snillingnum Bernt frá Brúðuheimum í Borgarnesi. Það mátti vart sjá hvort skemmtu sér betur, börnin eða hinir fullorðnu.

Með kærri kveðju

Börn og starfsfólk leikskólans
Leikhólts.



Frá sóknarnefnd Stóra-Núpskirkju!

Þann 10 mars. s.l. var aðalfundur sóknarnefndar Stóra-Núpskirkju haldinn. Tillaga var lögð fram um að fækka í sóknarnefndinni úr fimm nefndarmönnum í þrjá og sú tillaga var samþykkt samhljóða.

Formaður og gjaldkeri gengu úr stjórn þannig að í nýja stjórn voru kosin:

Ámundi Kristjánsson, Daði Viðar Loftsson og Kristjana Heyden Gestsd.

Í varastjórn eru: Einar Bjarnason, Hrafnhildur Ágústsdóttir og Árdís Jónsdóttir.

Skoðunarmenn eru þeir sömu og áður: Ari Einarsson og Þuríður Jónsdóttir.

Til vara: Sigurður Loftsson og Sigrún Simonardóttir.

Ný stjórn hélt fund þann 16. mars ásamt sóknarpresti og kynnti sér starfsreglur sóknarnefnda og skipti með sér verkum:

Kristjana Heyden Gestsd. form.

Ámundi Kristjánsson, gjaldkeri

Daði Viðar Loftsson, ritari.

Næsti fundur áætlaður

27. apríl. n.k.

Gleðilegt sumar og páska.

form. nefndar.



Forsíðumyndirnar.

Það hljóp smá galsi í mig þegar ég var að skoða myndirnar sem ég smellti af baksviðs á árshátíð Þjórsárskóla á dögumum. Kennararnir, því sem næst allir, voru orðnir að ljónum, og sebrahestum og ýmis furðudýr voru þar á sveimi. Get ekki stillt mig um að leyfa þeim sem ekki höfðu tækifæri til að sjá þessa frábæru skemmtun að sjá smá sýnishorn af persónunum sem þar komu fram. En efst til vinstri er "ljónið" hún Sesselja Daðadóttir og fyrir miðju eru þau "ljónin tvö" Kjartan kennari og Ljósbrá Loftsd. með "Púmba" grínara á bak við sig sem Jónas Ásólfur lék. Þá er eitt "ljón" til viðbótar sem er hún Hafdís Hafsteins. Fyrir neðan hana er "Sasu" sem Dísja Björk lék og neðst t. h. er ljónið Bente og sebrahesturinn Hrafnhildur svo eru þeir "Púmba" Jónas, "Tímon" Guðmundur Ág. og "hýenan" Einar Ágúst. En t.v. við þá er "illvíga ljónið" Bollette og aftur "hýenan" Einar Ágúst sem bíður að baki tilbúinn að fá sinn skammt af bráðinni... Og svo að lokum er það "sebrahesturinn" Inga Maja skólastjóri sem hélt utan um þetta allt saman. Konungur ljónanna var settur á svið með tilheyrandi söngvum og hljómsveit á árshátíð Þjórsárskóla þann 11. mars. s.l. KHG.

Hrunaspjall

Fregnir fræðsla og tilkynningar úr Hrunaprestakalli, Ólafsvalla, Stóra-Núps, Hrepphóla og Hrunasóknum.

Passíusálmar

Það hefur verið fastur liður frá því árið 2000 að lesa passíusálmana í Hrepphóla-kirkju á föstudaginn langa. Þetta hefur verið gert í samstarfi þeirra sókna sem nú tilheyrja prestakallinu. Fermingarbörn hverju sinni og fjölskyldur þeirra hafa borið uppi þetta verkefni. Fermingarbörnin eru í færra lagi að þessu sinni. Því hef ég ákveðið að bjóða þeim sem áhuga hafa að taka þátt í þessu að hafa samband við mig. Annað hvort með því að hringja (864-0802) eða senda tölvupóst (srerik@ismennt.is) Lesturinn stendur yfir frá kl.13 – 18. Boðið er upp á veitingar í safnaðarheimilinu meðan á lestrinum stendur. Gott er að vita hvaða tími hentar best og þá er hægt að úthluta sálum í samræmi við það.

Fermingar

Nú eru fermingar hafnar í prestakallinu, þrjú börn voru fermd á Ólafsvöllum síðastliðinn sunnudag. Hér eru nöfn þeirra barna sem fermað í þessum mánuði. Síðan verður aftur fermt á hvítasunnu, nöfn þeirra barna verða birt þegar nær því dregur.

Ólafsvallakirkja 10.apríl kl. 13:00

Gylfi Dagur Leifsson Brautarholti 24,
Hrafnhildur Magnúsdóttir Blesastöðum,
Rakel Georgsdóttir Ólafsvöllum,

Stóra- Núpskirkja Pálmasunnudag 17. apríl kl.11:00

Hugrún Embla Sigurðardóttir Öxl

Hrunakirkja Pálmasunnudag, 17. apríl, kl.14:00.

Andrea Lind Guðmundsdóttir, Stóru-Sandvík 3,
Eyrún Agnarsdóttir, Ísabakka,
Guðleif Erna Steingrímsdóttir, Suðurhófi 7, Flúðum.
Hafðís Smáradóttir, Laugalæk, Flúðum.
Olga Rós Guðjónsdóttir, Gröf, Flúðum.

Hrepphóla-kirkja, Skírdagur 21. apríl kl.13:00.

Anna Dagbjört Styrmisdóttir, Unnarholtskoti 2,
Jóhann Halldór Pálsson, Núpstúni.

Helgihald um páska

Til viðbótar þeim stundum sem nefndar eru hér að framan og eru auðvitað öllum opnar þótt börn séu fermd og lestri passíusálma á föstudaginn langa þá eru hátíðarmessur á



Páskadag þann 24. apríl sem hér segir:

Hrunakirkja kl.8:00 - morgunkaffi í safnaðarheimili eftir messu.

Hrepphólakirkja kl.11:00

Stóra-Núpskirkja kl.14:00

Ólafsvallakirkja kl.16:00

Með ósk um uppbyggilega dymbilviku og hátíðlega páska.

Eiríkur Jóhannsson.



Aðalfundur Ungmennafélags Gnúpverja verður haldinn í Árnesi mánudaginn 18. apríl kl. 18:00

Venjuleg aðalfundarstörf.

**Nú er lag að hrista upp í okkur og
gera eitthvað kröftugt! Mætum öll!**

Stjórn UMFG

Kort af afréttum sveitarfélaga!

Endurútgefna kortið af afréttum Gnúpverja, Flóamanna og Hrunamanna er til sölu á skrifstofunni í Árnesi og kostar kr. 500.-

Þetta er vinsælt kort en samt er nóg til ennþá.

Oddviti.

14. fundur haldinn í sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps þriðjudaginn 05. apríl 2011 í Árnesi kl. 13:00.

Mætt: Gunnar Örn Marteinsson, Jón Vilmundarson, Harpa Dís Harðardóttir, Oddur Guðni Bjarnason og Jóhanna Lilja Arnardóttir 1. varamaður Björgvins Skafta Bjarnasonar. - Kristjana H. Gestsdóttir ritaði fundargerð.

Gunnar setti fund og athugaði hvort athugasemdir væru við fundarboð en svo reyndist ekki vera.

Dagskrá:

1. Fundargerð félagsmálanefndar uppsveita Árnessýslu og Flóa 135. fundur haldinn 09.03.11. - Fundargerð lögð fram.
2. Fundargerð fræðslunefndar Flúðaskóla haldinn 30.03.11. - Fundargerð samþykkt.
3. Erindisbréf fyrir fræðslunefnd Flúðaskóla. - Erindisbréf samþykkt.
4. Fundargerð skipulags- og byggingarnefndar 33. fundur haldinn 24.03.11. jafnframt lagðar fram til kynningar fundargerðir afgreiðslufunda byggingafulltrúa, fundir nr. 60 og 61. - Fundargerð staðfest.
5. Tillaga að óverulegri breytingu á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps innan þéttbýlisins í Brautarholti.
Lögð fram tillaga að óverulegri breytingu á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps innan þéttbýlisins Brautarholt. Í breytingunni felst að iðnaðarsvæði sem ætlað er undir hreinsimannvirki færast til suðurs, fjær byggðinni. Er þetta gert til samræmis við tillögu að breytingu á deiliskipulagi og athugasemdir Heilbrigðis eftirlits Suðurlands. Að mati sveitarstjórnar er um óveruleg breytingu að ræða og samþykkir hana skv. 2. mgr. 36. gr. skipulags- og byggingarlaga.
Sveitarstjórn óskar eftir skýringu hönnuða á þeim mistökum sem gerð voru við gerð skipulagsins.
6. Afskriftarbeiðni frá Sýslumanninum á Selfossi um ógreidd útsvör.
Fyrir liggur afskriftarbeiðni frá Sýslumanninum á Selfossi um ógreidd útsvör að upphæð kr. 58.386,- þar sem innheimtutilraunir hafa verið án árangurs. Sveitarstjórn samþykkir afskriftarbeiðnina og felur oddvita að árita beiðnina.
7. Kynning á samningi við rekstraraðila í Árnesi. Jafnframt farið yfir framkvæmdir í Árnesi.
8. Beiðni frá skólastjóra Þjórsárskóla um launalaust leyfi skólaárið 2011-2012.
Sveitarstjórn samþykkir að veita skólastjóra Þjórsárskóla launalaust leyfi til eins árs.
9. Beiðni um styrk frá blásturssveit Tónlistaskóla Árneseinga.
Ákveðið að veita 10.000.- kr.á hvern nemanda í blásarahóp Tónlistarskóla Árneseinga sem á lögheimili í sveitarfélaginu og fer í ferðina.
10. Beiðni um styrk frá kór Fjölbrautarskóla Suðurlands.
Ákveðið að veita 10.000.- kr.á hvern nemanda í kór Fjölbrautarskóla Suðurlands sem á lögheimili í sveitarfélaginu og fer í ferðina.

11. Beiðni um styrk frá Specialisterne á Íslandi. - Erindinu hafnað.

12. Samstarfssamningur um félagsþjónustu. - Erindisbréf velferðarnefndar.

Lagður fram samstarfssamningur um félagsþjónustu milli sveitarfélaganna Ölfuss kt. 420369-7009, Hveragerðisbæjar, kt. 650169-4849, Hrunamannahrepps kt. 640169-2309, Bláskógabyggðar, kt. 510602-4120, Grímsnes- og Grafningshrepps, kt. 590698-2109, Skeiða- og Gnúpverjahrepps, kt. 540602-4410 og Flóahrepps, kt. 600606-1310. Sveitarstjórn samþykkir samstarfssamninginn. Jafnframt samþykkir sveitarstjórn að sveitar-/bæjarstjórum verði falið að ganga frá uppsögnum og starfslokum núverandi félagsmálastjóra fyrir 1. maí 2011, en uppsagnarfrestur þeirra allra er þrír mánuðir.

Sveitarstjórn samþykkir að skipa oddvita í stjórn félagsþjónustunnar (NOS). Oddvita falið að undirrita samninginn fyrir hönd Skeiða- og Gnúpverjahrepps. Ennfremur samþykkir sveitarstjórn erindisbréf velferðarnefndar samkvæmt 4. gr. samstarfssamningsins.

13. Endurskoðað samkomulag um landbótaáætlun fyrir Gnúpverjaafrétt 2011-2015. - Endurskoðað samkomulag staðfest.

14. Ósk um umsögn á breytingu á aðalskipulagi Ásahrepps og Rangárþings ytra vegna færslu á Búðarhálslínu.

Lagðar fram til umsagnar breytingar á aðalskipulagi Ásahrepps 2010-2022 og Rangárþings ytra 2010-2022 vegna færslu á Búðarhálslínu. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við breytingarnar.

15. Lögð fram fyrirspurn frá Jóhönnu Lilja Arnardóttur um tekjuviðmiðun vegna afsláttar frá fasteignaskatti 2011.

„Samkvæmt reglum sveitarfélagsins um afslátt á fasteignaskatti fyrir eldri borgara og öryrkja ber viðkomandi að skila inn skattframtali síðastliðins árs.

Á skattframtali koma fram ýmsar upplýsingar sem ekki er hægt að sjá að tengist beint þessum afslætti, eins og t.d. upplýsingar um sundurliðaða eigna- og skuldastöðu einstaklings. Ekki er ástæða fyrir sveitarstjórn að fá þær upplýsingar.“

Er ekki möguleiki fyrir sveitarfélagið að afla sér þeirra sem þarf á annan hátt? Hverjar eru reglur sveitarfélagsins um geymslu og eyðingu þessara gagna?

Fyrirspurn svarað á næsta fundi.

16. Einnig frá Jóhönnu Lilju Arnardóttur: Gatan Brautarholti er nú orðin mjög slæm og ill yfirferðar. Vona ég að brugðist verði við því hið fyrsta.

Mál til kynningar:

A. Fundargerðir stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands, fundir nr. 199 og 200.

B. Fundargerð stjórnar SASS 442. fundur.

C. Fundargerðir stjórnar Tónlistaskóla Árnesinga, fundir nr. 155 og 156.

D. Fundargerð stjórnar Skólaskrifstofu Suðurlands 128. fundur.

Framhald á næstu síðu...

E. Fundargerð stjórnar Brunavarna Árnassýslu 101. fundur.

F. Erindi frá Almannavörnum Árnassýslu vegna vettvangsnámskeiðs almannavarna.

G. Erindi frá umboðsmanni barna vegna niðurskurðar í skólum.

H. Svar við erindi Árdísar Jónsdóttur frá síðasta fundi.

Næsti sveitarstjórnarfundur 19. apríl kl. 13:00 í Árnasi.

Fleira ekki. Fundi slitið kl. 15:15.

ZERO páskaeggjaleit á Flúðum!

Félagsmiðstöðin ZERO stendur fyrir páskaeggjaleit á Flúðum mánudaginn 18. apríl. Allar nánari upplýsingar <http://zero.fludir.is>

Lestrarfélag Skeiða- og Gnúpverjahrepps

Bókahúsinu, Brautarholti

Opið fimmtudaga kl. 20—22

bokasafn@skeidgnup.is S: 486-5505



Sauðfjárþændur!

Ullargámur verður staðsettur við
vöruafgreiðslu Flúðaleiðar, Smiðjustíg 10
Flúðum, frá 5.apríl til 2.maí. 2011.



Næsta fréttabréf kemur út 17. maí 2011.

Skilafrestur efnis til 10. maí 2011.

Umsjón: Kristjana H. Gestsdóttir frettabref@skeidgnup.is

Ábyrgðarmaður: Gunnar Örn Marteinnsson, oddviti

Skrifstofa Skeiða- og Gnúpverjahrepps er opin

mánudaga-fimmtudaga kl. 9—12 og 13—15.

Sími 486-6014 Fax 486-6091

Sími í Áhaldahúsi 893-4426 (Ari) Veffang: www.skeidgnup.is

Páskabingó!

Barna- og fjölskyldubingó Kvenfélags Gnúpverja
verður haldið í Árnesi, laugardaginn fyrir páska,
hinn **23. apríl** kl. 10:30.

Athugið! Kl. 10:30.



Gleðilega páska.
Allir velkomnir!
Nefndin.



Tek að mér gerð:

Jarðafarakransa, Krossa, Kistuskreytinga.
Handskrifaðir borðar með krönsum og
krossum sé þess óskað.
Allt skreytingarefni úr sveitinni
Sýnishorn eru inn á Facebook síðunni
Grænna land

Erla Björg Arnadóttir.
Garðyrkjufraeðingur
Flúðum Sími: 858-3399
graennaland@simnet.is



Hundafangari í Skeiða- og Gnúpverjahreppi!



Ragnar Sigurjónsson sinnir starfinu
og er í síma 859-9559.

Vortónleikar

Félagsheimili Hrunamanna

laugard. 16. apríl 2011, kl. 20.30

Halla Dröfn Jónsdóttir

syngur á tónleikunum

Guðríðarkirkju Grafarholti

laugard. 30. apríl 2011, kl. 16.00

Drengjakór Hafnarfjarðar

kemur fram á tónleikunum



KARLAKÓR
HREPPAMANNA


Stjórnandi: Edit Molnár

Píanóleikari: Miklós Dalmay

Á bak við eldavélina!

Gunnar oddviti skoraði á mig í síðasta fréttabréfi að koma með uppskrift.

Ég ákvað að fara svipaða leið og hann og deila með ykkur uppskrift að lambi en í aðeins öðrum dúr enn hann var með.



Lambahryggur innbakaður

1/2 lambahryggur (sagaður eftir endilöngu)

Salt og pipar

1 laukur

40 grömm smjör.



Fylling.

50 gr. smjör

120 gr. ferskir Flúðasveppir

1 sneið skinka

60 gr. valhnetur

400 gr. smjördeig

Egg til penslunar



Á meðan ofninn er að hitna er gott að mýkja smjörið t.d. í örbylgjuofni.

Hitið ofninn í 190 gráður. Stráið salti og pipar á kjötið og penslið með mjúku smjörinu. Steikið kjötið í 30 til 35 mínútur. Kælið. Saxið laukinn og látið krauma í smjöri þar til hann er orðinn meyr. Bætið sveppunum út í og látið krauma við vægan hita þar til blandan er orðin þurr. Saxið skinku og valhnetur og bætið út í - látið krauma í 1 mínútu. Kælið.

Hækkið hitan á ofninum í 230°C. Fletjið smjördeigið úti ferkantaða köku. Þrýstið fyllingunni á hrygginn, bæði undir og ofan á. Penslið samskeytin með hrærðu eggi og þrýstið þeim vel saman. Skerið út laufblöð og annað skraut, penslið með eggi og leggið á deigið. Penslið svo yfir allt deigið með egginu. Setjið álpynnu á beinendana. Bakið í 30-40 mínútur.

Ekki spillir síðan að hafa með heimaræktað grænmeti og nýuppteknar kartöflur.

Ég skora síðan á meistarakokkinn Jónas Yngva Ásgrímsson að töfra fram einhverja af sínum frægu uppskriftum.

Verði ykkur að góðu.

Kveðja Skafti.



Fundarboð

Aðalfundur BJSV. Sigurgeirs
verður haldinn í húsi sveitarinnar mánudaginn
18. apríl 2011 klukkan 20:30

Dagskrá:

1. Skýrsla stjórnar
2. Skýrsla gjaldkera
3. Inntaka nýrra félaga
4. Kosningar
 - ♦ Í stjórn
 - ♦ Umsjónarmaður unglingamála
5. Önnur mál



Grisjun og klipping!

Verð á ferðinni í Gnúpverjahreppi með hekkklippur og keðjusög ef einhver þarf að láta grisja, eða klippa tré og runna.


Bergur Björnsson. Gsm 893-6103

**Munið fótboltaæfingar öll þriðjudagskvöld
kl. 20:00 á sparkvellinum í Árnesi.**

Allir út að sparka.

Það er að koma sumar!

Æfingarnar eru á vegum UMFG og UMFS



www.skeidgnup.is



Til hestamanna!

N1 er orðinn einn af stærstu styrktaraðilum Landsmóts og Landssambands hestamannafélaga. Öllum hestamönnum stendur nú til boða að fá N1 kortið með sérkjörum og um leið geta viðkomandi aðilar valið sitt hestamannafélag til þess að styrkja. Hálf króna af hverjum seldum lítra rennur þá sem fjáröflun til viðkomandi félags. Þeir aðilar sem nú þegar hafa N1 kort eru vinsamlega beðnir að senda tölvupóst til LH á hm@landsmot.is með ósk um hvaða hestamannafélag það vill að kortið sitt styrki og mun sú ósk í engu breyta um kjör viðkomandi hjá N1. LH mun síðan koma þeim skilaboðum áleiðis til N1.


Það er því hagr hestamannafélaganna að þeirra félagar noti kortin frá N1 og er þetta mjög góð fjáröflun fyrir félög innan Landssambands hestamannafélaga.

Einnig má geta þess að N1 kortið getur nýst sem enn frekari fjáröflunar fyrir æskulýðsnefndirnar í félögunum eða félögin sjálf. Hvert félag getur skráð einstaklinga innan hestamannafélagsins fyrir N1 korti og af hverju skráðu korti fær það æskulýðsfélag eða félag til sín 800 kr. Hérna er góð leið til þess að styrkja æskulýðs og barnastarf hver félags fyrir sig og/eða hestamannafélagið sjálft.

Endilega nýtið þetta góða tækifæri sem getur verið góð tekjuöflun næstu árin og þess má geta að hver N1 korthafi fær 1000 króna afslátt af hverjum miða inn á Landsmót hestamanna 2011 og 2012.

Allar upplýsingar veitir Hólmfríður hm@landsmot.is eða skrifstofa LH 514-4030

Opnun sundlauga fram á vor í Skeiða- og Gnúpverjahreppi



Skeiðalaug s: 486 5500 - Neslaug s: 486 6117

Gestir sundlauganna eru beðnir um að athuga að ný reglugerð tók gildi 1. janúar 2011 sem gildir um alla sund- og baðstaði sem almenningur hefur aðgang að.

14.gr.

Börnum yngri en 10 ára er óheimill aðgangur að sund- og baðstöðum nema í fylgd með syndum einstaklingi 15 ára eða eldri.

Ekki skal leyfa viðkomandi að hafa fleiri en tvö börn með sér, nema um sé að ræða foreldri eða forráðamann barna.

Reglugerðin byggir á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Góðfúslega virðið þessar reglur.

Opnunartími til 10. júní 2011.

Neslaug: Alla mánudaga kl. 17:00 - 21:00

Skeiðalaug: Alla fimmtudaga kl. 17:00 - 21:00

Opið Laugardaga.

Neslaug Laugard. 16. apríl kl. 13 - 17

Skeiðalaug Laugard. 23. apríl kl. 13 - 17

Neslaug Laugard. 30. apríl kl. 13 - 17


Skeiðalaug Laugard. 07. maí kl. 13 - 17

Neslaug Laugard. 14. maí kl. 13 - 17

Skeiðalaug Laugard. 21. maí kl. 13 - 17

Neslaug Laugard. 28. maí kl. 13 - 17

Skeiðalaug Laugard. 4. júní kl. 13 - 17



Starfsfólk vantar í NESLAUG og SKEIÐALAUG!

Starfsfólk vantar til starfa við sundlaugarnar í sveitarfélaginu. Um er að ræða hlutastörf um helgar en einnig aðra daga.

Hafið samband við Steinunni í síma 848-1474.

Vinnuskólinn 2011.

Nemendum í 8. og 9. bekk gefst kostur á að vinna í Vinnuskóla í sumar. Vinnuskólinn byrjar 06. júní og stendur til 22. júlí eða í 7 vikur og skilyrði fyrir því að nemendur fái vinnu er að þeir eigi lögheimili í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Ef aðsókn verður mikil er því miður ekki öruggt að allir fái vinnu þar sem takmarka verður fjölda þeirra sem geta verið í einu.

Umsóknarfrestur er til 30. apríl og skráning fer fram á skrifstofunni í síma 486-6014.

Oddviti.

Viola Snyrtistofa á Flúðum Högnastíg 1

Eftirfarandi meðferðir eru í boði:

Andlitsböð
Húðhreinsun
Litun og plokkun
Fótsnyrting
Vaxmeðferð



Hef til sölu húðvörur fyrir bæði dömur og herra frá **GUINOT**
Tímáptanir í síma
856-1599

HEILSUDAGAR Á HÓTEL GEYSI

20. – 23. APRÍL 2011

*Einkatímar eru í boði hjá eftirtöldum
aðilum alla dagana:*



Valgarði Einarssyni miðli, einkatími kr. 6.000,-

Hermundur Rósinkrans talnaspekingur, einkatími kr. 6.000,-

(Athugið að bóka þarf með fyrirvara og gefa upp fullt nafn og kennitölu, því unnið er út frá tölum og nafni)

Guðný Halla Gunnlaugsdóttir, náttúruheilun, 60 mín einkatími kr. 5.500,-

Heiðar Ragnarsson nudd/svæðanudd 55 mínútur kr. 5.000,-

Heiðar Ragnarsson lithimnulestur og heilsuráðgjöf 30 mínútur kr. 3.000,-

Guðrún Ösp Sævarsdóttir, heilun, ca. 60. mín, kr. 5.000,-

Guðrún Ösp Sævarsdóttir, hómópatía, ca. 90. mín, kr. 7.000,-

Rúnar Óskarsson, höfuðbeina- og spjaldhryggjar meðferð (cranio sacral) ca. 60. mín, kr. 5.000,-

Pantið tímanlega í síma 480 6800

Tökum vel á móti þér www.geysircenter.is

Skoðið tilboðin á heimasíðu okkar á www.hotelgeysir.is

Bókanir Brautarholt

**Steinunn Ágústa Einarisdóttir sér um bókanir fyrir
leigu á salnum í Brautarholti. S. 848-1474.**

Heilsugæslan í Laugarási sími 480-5300

Símatímar lækna alla virka daga kl. 9-9:30 og 13 –13:30


Sími í neyðartilvikum 892- 8804

Apótekið opið mán. - fös. 09:00 - 17:00 S. 486-8655

Reiðhjól og svefnsófi til sölu!

Barnið vex en brókin ekki!

Hef til sölu glimrandi fint reiðhjól fyrir aldurinn 8- 13 ára. Hjólið er nýyfírfarið af fagaðila og er því í toppstandi. Verðhugmynd 18 þúsund. Hef einnig til sölu flottan og góðan, tvíbreiðan, svefnsófa sem fæst fyrir lítið. Nánari upplýsingar hjá Stínu 844-8211.



Stofnfundur foreldrafélags Menntaskólans að Laugarvatni verður haldinn fimmtudagskvöldið 14. apríl í mótuneyti skólans kl. 20:30. Samkv. lögum skal foreldraráð starfa við framhaldsskóla þar sem fyrstu tvö árin eru nemendur ólöggráða. Samþykkt verða lög foreldrafélagsins á fundinum og kosið í foreldraráðið sem jafnframt er stjórn félagsins. Það er því mikilvægt að þeir foreldrar sem eiga ungmenni í skólanum mæti og sýni áhuga um málefnið í verki.

Með sumarkveðju.

Undirbúningsnefndin.

EIMSKIP

Flúðaleið ehf

**Landflutningar
SAMSKIP**

Verktaki fyrir Eimskip og Samskip

Brottför frá Flúðum alla virka daga: 7:00-9:00

Brottför frá Reykjavík alla virka daga:

Kl 12:00 frá Landflutningum Kjalarvogi og

Kl 13:00 frá Flytjanda Klettagörðum

Brottför frá Selfossi alla virka daga: 14:00

Flytjum áburð og skeljasand fyrir alla söluaðila.

Vöruafgreiðsla á Flúðum opin frá kl 8:00-17:00 alla virka daga. sími: 486-1070 fax 486-6693 gsm: 892-2370

netfang: fludaleid@simnet.is

*Með kveðju
Starfsfólk Flúðaleiðar*

Þjóðbúningakvöldi frestað!



Við ákváðum að fresta þjóðbúningakvöldinu okkar þar sem mikið er um að vera í Árnesi núna. Og við viljum á engan hátt skyggja á það. En við stefnum samt ótrauðar á að halda samkomu þar sem þjóðbúningar verða í fyrirrúmi og erum að hugsa um miðjan október n.k. Gefst nú meiri tími til undirbúnings ef eitthvað þarf að laga eða sauma.



Allt auglýst betur síðar!

Með sumarkveðju!

Skemmtinefnd Kvenf. Gnúpv.



Flúða Taxi



Sími 893 1462



VÖNDULL ehf
FLUTNINGAÞJÓNUSTA Í
ÁRNESSÝSLU.



Brottför frá Reykjavík, Héðinsgata 1-3
sími: 533 2211.

Mánudaga til föstudaga kl. **13:00**
Á Selfossi hjá Húsasmiðjunni og Byko kl. **14:00.**
Einnig hjá öðrum fyrirtækjum eftir þörfum.

Upplýsingar í síma:
856 1580 Unnar - 856 1581 Stefán

ÁSBÚÐIN!

Þær breytingar hafa orðið að Múrbúðin á Flúðum hefur fengið nýtt nafn og heitir núna **ÁSBÚÐIN**, rekstraraðili er sá sami þ.e. **Vöndull ehf.** Vöruúrval er að mestu leyti það sama, en við höfum bætt við vörum frá Líflandi sem tengjast búrekstri. Málningarvörurnar eru frá Flugger. Flísar, parket, gólf dúkar og vörur tengdar þeim frá Álfa-borg, (verður komið í verslunina fljótlega eftir páska). Með þessum breytingum vonumst við til þess að geta veitt enn betri þjónustu og viljum jafnfram hér með þakka kærlega fyrir góðar viðtökur.

VERSLUM Í HEIMABYGGÐ – ALLRA HAGUR

ÁSBÚÐIN

HÓTEL GEYSIR

Miðvikudagur 20. apríl

Kl. 20:00 Miðilsfundur með Valgarði Einarssyni
aðgangseyrir 1000,- kr.

Fimmtudagur 21. Apríl

Kl. 09.30 Hermundur Rósinkrans aðgangseyrir kr. 1.000,-

Kl. 13:00 Fyrirlestur Guðný Halla Gunnlaugsdóttir

Ilmur náttúrunnar, frír fyrirlestur en þeir sem vilja geta lagt fram frjáls framlög.

Kl. 14:00 Indjánadans með Guðnýju Höllu

Kl. 16:00 Fyrirlestur Guðrúnar Aspar Sævarsdóttur.

–**Lítum inn á við**- aðgangseyrir kr. 1.000,-

Vera meðvitaður um hvað hefur góð/slæm áhrif á mann.

Kl. 20.00 Fyrirlestur Hallgrímur Magnússon læknir,
aðgangseyrir kr. 1000,-



Hægt er að panta í einkatíma hjá Valgarði miðli og Hermundi Rósinkrans í síma hjá Hótel Geysi
Sími: 480 6800

www.geysircenter.is

Tilboð í gistingu í 3 nætur, veitingar í 3 daga og skemmtileg afþreying í boði.
Skoðið tilboðin á heimasíðu okkar á www.hotelgeysir.is

Aðalfundur félags eldri borgara í Skeiða- og Gnúpverjahreppi haldinn í Bókasafnshúsinu í Brautarholti 25. mars 2011.

Yfirlit yfir starseminu í félaginu árið 2010.

Starfsemin var með líku sniði og árið áður. Alls voru tólf samverufundir haldnir á árinu þar af Þorrablót sem haldið var í Árnosi. Við fáum oft gesti á þessa samverufundi til að flytja okkur fræðslu og/eða skemmtiefni, annars sjá félagar sjálfir um skemmtiefni. Konur í félaginu hafa í lok fundu séð um kaffiveitingar af miklum myndarskap. Þrír stjórnarfundir voru haldnir á árinu.

Við buðum Hrunamönnum heim 23. apríl, en gagnkvæmar heimsóknir eru á milli okkar og eldri Hrunamanna. Samkoman var haldin í Brautarholti og þótti takast vel, 70 – 80 manns sóttu samkomuna. Kvenfélag Skeiðahrepps, undir forystu Jóhönnu Vilhjálmsdóttur styrkti okkur rausnarlega með því að sjá um veislukaffi okkur að kostnaðarlausu. Við fórum í Þjóðleikshúsið 27. apríl og sáum „Íslandsklukkuna“, þetta var ánægjuleg ferð, 23 félagar mættu á sýninguna.

Hótel Örk bauð eldri borgurum á jólahlaðborð með gistinótt og morgunverði á vægu verði í lok nóvember. Þá fóru 10 manns úr okkar félagi á þetta jólahlaðborð. Hinn árlegi formannafundur sem Hjörtur Þórarinnsson, formaður Selfossfélagsins boðar til var haldinn 17. mars. Þar mættu 7 formenn eldri borgarafélaga í Árnessýslu. Á þessum fundi segja formenn frá starfsemi í sínum félögum, rætt um hinn svokallaða vorfagnað sem þessi félög hafa staðið að undanfarin ár. Hann átti að vera á Eyrarbakka 9. maí en var felldur niður vegna ýmissa orsaka.

Á fundinum sem haldinn var í mars s.l. var ákveðið að halda þessa skemmtun á Eyrarbakka næsta haust. Við fórum í tvær eins dags skemmtiferðir á árinu, sú fyrri var farin um Rangárling 11. ágúst og 22. september fórum við í ferð sem við köllum „Haustlitaferð“ og þá farið var á Þingvöll og nágrenni.

Ég hef nú rifjað upp það helsta um starfsemi félagsins á árinu 2010. Það er ástæða til að minnst á að margir eru tilbúnir að leggja okkur lið þegar við höldum stærri samkomur, eins og þegar við bjóðum heim nágrannafélögum. Ég hef áður minnst á Kvenfélag Skeiðahrepps sem sá um veitingar fyrir okkur á seinasta ári. Þá vil ég nefna Höllu í Ásum sem alltaf er tilbúin að koma til okkar bæði á stærri og smærri samkomur með upplestur, en hún er ágætur upplesari eins og við vitum.

Við búum svo vel í sveitarfélaginu að hér er margt gott tónlistarfólk, og það hefur oft lagt okkur lið án þess að ætlast til launa fyrir. Þetta ber allt að þakka. Í árslok á síðasta ári voru skráðir félagar í okkar félagi 41 og hafði fækkað um tvo á árinu. Engir nýir félagar hafa bæst við, og það er okkur áhyggjuefni.

Við þurfum að hvetja þá sem komnir eru á þann aldur að vera hlutgengir í okkar félagi að ganga í félagið.

Vilmundur Jónsson. form.



Frá veiðifélagi Þjórsár.

Aðalfundur veiðifélags Þjórsár var haldinn á Laugalandi í Holtum 31. mars sl. Þetta var mjög góður fundur og voru mörg mál rædd sem eru brýn hagsmunamál félagsins. Gestir fundarins voru Magnús Jóhannsson fiskifræðingur hjá Veiðimálastofnun og Óðinn Sigþórsson formaður Landsambands Veiðifélaga. Magnús fór yfir stöðu ræktunarmála í ánni og sagði frá að aldrei hafi veiðst fleiri laxar í Þjórsá og árið 2010 þrátt fyrir erfið skilyrði í ánni. Alls veiddust 9 þúsund laxar í net og 260 á stöng. Þessi veiði er met. Rúmlega 800 laxar fóru upp laxastigann við Búða og má gera ráð fyrir að þessir fiskar hafi hrygnt á efsta svæði árinna en þar er að finna afar góð búsvæði laxins. Fundurinn samþykkti að veiði mætti hefjast kl. 10.00 þriðjudaginn 14. júní og ljúka föstudaginn 30. september kl.22 en ekki má stunda netaveiði í eina viku daganna 9. ágúst til 16 ágúst.

Á aðalfundi veiðifélagsins í mars 2010 var samþykkt að taka gjald af hverjum veiddum fiski sem er KR.80.- og 5% af deildum sem eru í útleigu. Ýmis kostnaður er óhjákvæmi - legur við að halda úti félagi og félag sem ekki hefur markaða tekjustofna er fætt andvana. Þessi tekjuleið er hugsuð þangað til að gerð verður arðskrá fyrir vatnasvæðið allt, sú vinna er að fara af stað en að gera arðskrá er bæði tímafrek og kostnaðarsöm, en lögum samkvæmt ber okkur að gera arðskrá fyrir félagið. Nokkrar umæður fóru fram um niðurhleyplingar Landskirkjunnar úr lónum virkjananna í Þjórsá og Tungná, það er krafa bænda að áin verði látin í friði á meðan á veiðitímanum stendur því fjárhagslegir hagsmunir margra bænda eru líka miklir. Fundurinn samþykkti eftirfarandi ályktun mótaskvæðalaust.

Ályktun aðalfundar Veiðifélags Þjórsár, haldinn að Laugarlandi í Holtum, 31. mars, 2011.

Flóð úr uppistöðulónum Landsvirkjunar.

Síðast liðið sumar hleypti Landsvirkjun úr lónum sínum í tvígang. Í bæði skiptin orsakaði þetta mikil vatnsflóð og aurburð í Þjórsá. Þessir atburðir áttu sér stað 26. – 27. júní, þá fór vatnsrennsli í 750 m³/sek og í ágúst með 680 m³/sek.

Er vatnshæð Þjórsár var eðlileg orðin eftir hamfarir þessar sat mikið magn af gráum jökulleir eftir á bökkum árinna og í hyljum þar sem vatn er stillt. Eftir flóðin var laxveiði minni en fyrir flóðin. Flóð þessi orsökuðu umtalsvert tjón á veiðarfærum bænda. Aðalfundur Veiðifélags Þjórsár, haldinn að Laugarlandi þann 31. mars, 2011 fer þess á leit við Veiðimálastofnun að kannað verði hve miklum skaða þessir atburðir hafa valdið á lífríki árinna. Bændur við Þjórsá telja algjörlega óásættanlegt að Landsvirkjun skuli senda þeim kveðjur af þessu tagi. Hér er um mannanna verk að ræða en ekki náttúrlegar hamfarir. Fundurinn skorar á forsvarsmenn Landsvirkjunar að tryggja að atburðir eins og þessir endurtaki sig ekki.



Stjórn Veiðifélags Þjórsár.

Þjórsárstofa

Fyrsta áfanga Þjórsárstofu fer senn að ljúka og áætlað er að opna formlega maí.

Við það tækifæri verður sveitungum boðið að koma og skoða árangurinn.

Verður það auglýst nánar þegar nær dregur.

Gleðilegt sumar.
Oddviti



Fræðsluferð!

Landbótafélag Gnúpverja stendur fyrir fræðsluferð til Landgræðslu ríkisins í Gunnarsholti þann 29. apríl. n.k.

Áætlað er að leggja af stað kl: 13:00 og heimkoma kl:17:00.

Öllum er velkomið að koma með okkur og fræðast um starfsemi Landgræðslunnar. Allar nánari upplýsingar er hjá Bjarna Mássyni í síma 862-4917 en skráning í ferðina þarf að berast eigi síðar en 26. apríl.



Minnum á tómstundastyrk fyrir árið 2011.

Á 9. fundi sínum þann 07.12.2010 samþykkti sveitarstjórn Skeiða – og Gnúpverjahrepps að allir grunnskóla- og framhaldsskólanemendur frá 6 ára til og með 18 ára geti sótt um styrk sem nemur allt að 50.000.- kr. á árinu 2011 til að stunda íþrótt, æskulýðs eða menningarstarf.

Með umsókn þarf að fylgja kvittun um greiðslu frá aðila sem uppfyllir skilyrði að um viðurkennda starfsemi sé að ræða og fagaðilar sjái um þjálfun og /eða menntun.

Um er að ræða tómstundastarf sem stundað hefur verið á árinu 2011 því ekki er lengur greitt fyrir 2010. Umsóknareyðublaðið má finna á www.skeidgnup.is/ stjórnkerfið/eyðublöð og umsóknir skal leggja inn á skrifstofu.

Oddviti

**Sunnlenskir hátíðartónleikar í
Skálholtskirkju 20. apríl kl. 20:30**

Vörðukórinn

***Sunnlenskir hljóðfæraleikarar og
einsöngvarar***

***Hátíðardagskrá tengd föstu og
dymbilviku***

Kórsöngur:

**Vörðukórinn flytur m.a. kafla úr Sálumessu eftir
W.A. Mozart við undirleik hljómsveitar**

***Stjórnandi:* Eyrún Jónasdóttir**

***Einsöngur:* Sunnlenskir söngnemar syngja einsöng**

***Hljóðfæraleikur:* Orgel, selló og trompet**

***Upplstur:* Hr. Karl Sigurbjörnsson biskup les úr
Passíusálmunum**

Miðaverð: kr. 2000

Miðasala hjá:

Guðbjörgu sími: 898-6683

Puríði (Dúddu) sími: 861-0015

Ath. ! Miðar eingöngu seldir í forsölu

***Kveðjum vetur og fögnum sumri með vandaðri dagskrá
í hátíðlegu umhverfi***

Fréttir af aðalfundi Landbótafélags Gnúpverja.

Í skýrslu stjórnar kom fram að starfið var öflugt á síðasta ári. Stærsta verkefnið var að landgræðsludagurinn við Sandafell þann 14.júní, þar sem verið er að græða upp rofabörð, moldir og vikurmela.

Bjarni formaður sagði frá hugmynd um samstarf við Þjórsárskóla og að landbótafélagið skaffaði heyrúllur fyrir landgræðsluferð skólans. Fundurinn óskaði Þjórsárskóla til hamingju með Landgræðsluverðlaunin s.l. haust. Einnig er hugmynd að hafa landgræðsludaginn um helgi til að geta virkjað fleiri félaga. Búið er að undirrita nýja landbótaáætlun fyrir Gnúpverjaafrétt og sækja um styrk í Landbótasjóð Landgræðslunnar.

Verið er að athuga hvort megi fara með minkaskít innúr til landgræðslu og jafnvel hæsnaskít. Eiríkur Kristinn Eiríksson taldi alveg grámagnað að fara með skítinn með allri sinni fýlu inn í afrétt.

Gestir fundarins voru fulltrúar Landgræðslunnar Guðmundur Stefánsson og Sigprúður Jónsdóttir. Guðmundur taldi að mikið hefði orðið úr peningunum sem félagið hefði fengið úr Landbótasjóði. Forsenda fyrir styrkveitingum úr Landbótasjóði er myndarleg landbótaáætlun. Landbótafélag Gnúpverja hefði fengið 500 þúsund kr. í ár.

Styrkveiting er þó skilyrt því að landgræðslugirðingin sem tekin var upp á Hafinu verði endurreist. Skipuleg landgræðsla hófst á Hafinu árið 1960 og búið er að eyða miklum fjármunum í svæðið. Guðmundur sagði að girða yrði áður en fé verður flutt á fjall í sumar.

Hann sagði að fulltrúar Landgræðslunnar reyndu að mæta á fundi og efla tengslin við landgræðslufélögin sem eru um 16 talsins. Gott samstarf væri við bændur um allt land bæði í gegnum landgræðslufélögin, Landbótasjóð og verkefnið Bændur græða landið, sem 640 þátttakendur eru skráðir í.

Landgræðslufólk sagði starfið bæri mikinn árangur og sást það glögglega á myndum sem sýndar voru. Til að mynda gerir uppgræðslan á Mýrdalssandi það að verkum að sandurinn er afar sjaldan ófær núna vegna sandfoks og væri það t.d. forsenda þess að hægt væri að starfrækja Klausturbleikju.

Sigprúður Jónsdóttir fór í nokkur mikilvæg atriði varðandi beitarmál og sagði fyrsta boðorðið að beita ekki of snemma á vorin. Síðan sýndi hún myndir víðs vegar að af landinu og útskýrði þær.

Stjórn Landbótafélags Gnúpverja skipa:

Bjarni Másson formaður,
Tryggvi Steinarsson gjaldkeri og
Eiríkur Kristinn Eiríksson ritari.

Er um að taka upp nýjar vörur þar á meðal.....

Rafhliður fyrir jógurklippur 35W - BLAÐ 1,8MM Í HEINIGER KLIPPUR - Blautklútafötu - Blautklútar 3x 600 stk - Boltabyssa - Burðarhjálpertæki - Burðarslím - **Einneta plasthanskar langir** - EINNOTAHANSKAR NITRIL ÓPÚÐRAÐIR - EINNOTAHANSKAR VINIL LARGE 100 STK - Einnotahanskar Vinil XL 100 stk - Gliðsahaft - **Gólfefnaloftrúlla** - Gólfefnarúlla án handfangas - Gólfefnaspaði 280x130 mm - **GOLFPVARA BLÁ 40CM** - Gólfþvara blá 70cm - **GOLFPVÖRU SKIPTIGÚMMÍ 40CM** - Gólfþvöru skiptigúmmí 70cm - Gólfþvöruskraft 150cm - **Gripamerkisprey Blátt** - Gripamerkisprey Grænt - **Gripamerkisprey Rautt** - **Gúmmíhanskar** - **Gúmmivettlinga Pvc 35 cm** - Haft. Keðja - Handfang fyrir gólfefnarúllu - **Hitamælir gripa** - **Hitamælir gripa Digital** - **HITAMÆLIR HÁMARKS LÁGMARKS** - Hófbítur - Hófhnífabrýni - HÓFHNÍFUR HÆGRI - Hófhnífur vinstri - **Inngjafarbyssa 300ml.** - Jógurklippur - Jógurklútar 15x17 cm 10 stk - JÚGURPAPPÍRSPURKUR BOX 2 LAGA 6 RÚLLUR - Júgurpappír 2 laga 2 rúllur - **Kalk orkuskot við burd** - **Kambar fyrir kúaklippur** - **KAMBAR Í KÚAKLIPPUR STANDARD** - **Kúalyfta** - Kálfataxi - **Kálfatúttuflaska** - **Klaufskurðarskífa demants** - **Klaufskurðarskífa stein** - Klórtöflur 300stk. - **Kúaklippur rafhliður** - **Lambasnara** - **Merkilítur Blár** - Merkilítur Fjólublár - Merkilítur Grænn - Merkilítur Gulur - Merkilítur Orange - Merkilítur Rauður - **Merkilítur Svartur** - Músabeitarstöð heavy duty - **Músabeitarstöð minni** - Músargildra - **Naglbýtur girðinga** - **NASATÖNG** - Nylon hanskar nr. 10 - Púðurskot í Naglabyssu Græn - **Púðurskot í Naglabyssu Gul** - **Púðurskot í Naglabyssu Raud** - Samfestingur barna 116 - Samfestingur barna 128 - **Samfestingur blár 54** - SLEIPIEFNI 1 LÍTER - **Sogvörn. large** - Sogvörn. Medium - Sogvörn. Small - Sokkar, svartir, stærð 39-42 - **Sokkar, svartir, stærð 43-46** - Sokkar, svartir, stærð 47-50 - **Sparkvörn** - Sprautur, skammta Ferro matic - **Sprautunálar 1,6x30mm 10 stk** - **Sprautunálar 1,6x35mm 10 stk** - **Stígvél Dunlop 45** - **Stuðtæki** - **Súrdoðavörn** - T-bolir - **Tökumúlar leður með keðju** - Ullarklippur - **VESTISJAKKI** - **VIGT 100KG 500GR NÁKVÆMNI** - **Vigt 25kg 100gr nákvæmni** - **Vigt 50kg 200 gr. Nákvæmni** - Vinnuvetlingar Leður - ÖKKLABÖND BLÁ - ÖKKLABÖND Græn - ÖKKLABÖND Gul - **ÖKKLABÖND Orange** - ÖKKLABÖND Raud **og margt margt fleira.**

Minnum á steinefnalínuna frá Josera

Landbúnaðarverslun

480 5600
landstolpi.is



Gaukssaga

Leikdeild UMFG sýnir leikverkið Gaukssögu eftir Vilborgu Halldórsdóttur í Árnesi nú í apríl.

Síðustu sýningar:

15. apríl kl. 20:00

16. apríl kl. 20:00



Verð:

Fyrir 13 ára og eldri : 2000 kr.

Fyrir 12 ára og yngri :1700 kr.

Eldri borgarar: 1700 kr.

Við bendum á heimasíðu leikverksins

<http://gaukssaga.123.is> (án www)

þar sem pantaðir eru miðar og

hægt að fá nánari upplýsingar.

Einnig er hægt að panta í síma

869-4086/ 486-6550 (Hildur

Lilja) eða

897-1112 / 557-1113 (Eyþór)

Atvinna í boði.

Starfskraft vantar við áhaldahús hreppsins í júní og júlí. Starfið felst í að vinna með unglingum í vinnuskóla og önnur tilfallandi störf.

Upplýsingar veitir Gunnar í síma 486-6014.

Gleðilega páska!